



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á námstefnu um
Vináttuverkefni Barnaheilla
Reykjavík
13. mars 2018**

Formaður og forystufólk Barnaheilla,
aðrir góðir gestir.

Ég þakka þann heiður að fá að ávarpa ykkur hér í dag. Ég færi ykkur góðar kveðjur frá Elizú, konu minni. Sömuleiðis þakka ég þann heiðursvott sem ég þáði nýlega, að gerast verndari Vináttu, forvarnarverkefnis Barnaheilla gegn einelti í leik- og grunnskólum. Ég les hér stutta frásögn:

Það kemur upp vond tilfinning þegar ég hugsa um þessi ár. ... Kennararnir kölluðu mig tröllabarnið því ég var stór miðað við aldur. Ég man ekki mikið frá þessum tíma en man að mér leið aldrei vel. Ég átti enga vini og kennararnir niðurlægðu mig. Ég kom aldrei með neitt með mér í skólann því það var ekki til peningur fyrir neinu. Í minningunni var ég bara þarna og það talaði aldrei neinn við mig. Ég var alltaf ein.

Góðir áheyrendur: Með þessum orðum minntist kona, sem fædd var um miðja síðustu öld, sinnar erfiðu æsku. Og hér eru endurminningar manns af svipuðu reki:

Þegar ég var krakki var ég líklega svolítið „spes“ og varð því fyrir einelti; var velt upp úr drullupollum og hrækt upp í mig. Eftir leikfimitíma voru fötin mín falin hingað og þangað, þannig að ég var kannski ekki búinn að klæða mig þegar næsti bekkur kom – sem endaði með því að ég skrúpaði bara í leikfimi. En – innst inni vissi ég þó að ég var ekki eins heimskur vitleysingur og stóru töffararnir sögðu mig vera.

Við rifjum hér upp nýliðna fortíð. Þau börn og ungmenni sem stóðu höllum fæti, þau sem urðu skotspónn annarra eða fjöldans fyrir engar sakir, þau voru bjargarlaus og varnarlaus, og þau gátu misst vonina um fallett líf.

Vissulega voru ekki allir eins slæmir. Margir kennarar reyndust þeim börnum vel sem bjuggu við fátækt heima fyrir og þurftu vernd í æsku sinni. Þeir nemendur voru til sem gátu í krafti vinsælda eða eigin sálarstyrks tekið aðra undir sinn verndarvæng.

Auk þess er öldin önnur núna. Í skólum, stjórnkerfi og samfélaginu öllu er viðurkennt að einelti geti brotið þá niður sem fyrir því verða, og jafnframt að vinna þurfi gegn því, með fræðslu, uppeldi og árvekni. Við erum á réttri leið, ekki síst vegna hins góða starfs Barnaheilla og fleiri samtaka, Heimilis og skóla, ráðuneyta og stofnana. En við erum ekki komin á leiðarenda, við erum ekki stödd í þeim sælureit þar sem fólk veit ekki hvað einelti er nema með því að leita í frásagnir liðinnar tíðar. Þvert á móti hefur vandinn aukist að sumu leyti, eineltið tekið á sig nýjar myndir.

Hann verður að deyja. Mér er alveg sama þótt þú deyir. Öllum er sama, svo gerðu það bara. Allir væru miklu ánægðari fyrir vikið.

...

Fáðu krabbamein. Farðu og fremdu sjálfsmorð. Þá yrðu allir glaðir.

Þetta eru tvö dæmi utan úr heimi um skilaboð á netinu til unglinga sem buguðust að lokum, voru svo lengi hafðir að háði og spotti, fengu ekki rönd við reist. Við eigum svipuð dæmi hér á Íslandi, dæmi um svæsið einelti á samfélagsmiðlum, með smáskilaboðum og í tölvupóstum. Auk þess er hægt að meiða svo mjög með því að skilja útundan og hæðast að fólki á Snapchat eða Twitter, Fésbók og víðar.

Ennþá er því verk að vinna. Þess vegna er þetta málþing svo mikilvægt – hér munu sérfræðingar lýsa sjónarmiðum og rannsóknum – og þess vegna er Vináttuverkefni Barnaheilla svo mikilvægt – þar er tekist á við vandann á vellinum sjálfum. Og þess vegna, góðir áheyrendur, skiptir líka miklu máli að eiga von, að veita þeim von sem eru eða hafa verið lögð í einelti. Já, einelti getur að sjálfsögðu brotið fólk, skemmt saklausar sálir, en við eigum líka sigursögur. Konan sem ég vitnaði til að ofan hóf framhaldsnám á fullorðinsárum, naut þess og fékk finustu einkunnir. „Ég gat alveg lært,“ sagði hún stolt, og mátti vera það. – Og maðurinn sem mátti sæta andstyggilegri stríðni? „Hvað varð svo um stóru töffarana?“ spurði hann sjálfan sig á efri árum. „Ég veit það ekki. Ég held þó að ég hafi spjarað mig.“ Það voru orð að sönnu.

Kæru vinir: Börn og ungmenni, sem þurfa að þola einelti, verða að vita að þau geti leitað hjálpar, að þau eigi sama rétt og aðrir til að njóta öryggis, friðar

og hamingju. Vinnum saman að því marki, vinnum gegn einelti. Gangi ykkur vel.